



Reykjavík 27. júlí 2023

Niðurstaða athugunar á gæðum TRS II skýrslna Fossa fjárfestingarbanka hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands framkvæmdi vettvangsathugun hjá Fossum fjárfestingarbanka hf. í september 2022 og lá niðurstaða fyrir í lok nóvember 2022.

Markmið athugunarinnar var að kanna fylgni Fossa fjárfestingarbanka hf. við 26. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFIR) sbr., 1. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og 15. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 2017/590 sbr., reglur Seðlabanka Íslands nr. 854/2022 um umgjörð viðskipta með fjármálagerninga. Framangreind ákvæði kveða á um skyldu verðbréfafyrirtækja sem framkvæma viðskipti með fjármálagerninga til að veita fjármálaeftirlitinu fullar og réttar upplýsingar um slík viðskipti eins og fljótt og auðið er og eigi síðar en við lok næsta virka dags á eftir. Þau kveða einnig á um aðferðir og fyrirkomulag skýrslugjafar um fjármálaviðskipti. Skýrslugjöf um viðskipti með fjármálagerninga (TRS II skýrslur) og gögnin sem kerfið safnar eru fjármálaeftirlitinu nauðsynleg við eftirlit.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem fjármálaeftirlitið aflaði í tengslum við athugunina var það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að gera eftirfarandi athugasemdir og krefjast viðeigandi úrbóta:

- Framkvæmd eftirlits var ekki í samræmi við 26. gr. MiFIR, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 2017/590 sem segir að verðbréfafyrirtæki skuli hafa til staðar fyrirkomulag til að tryggja að viðskiptaskýrslur þeirra séu fullgerðar og réttar.
- Skráning á jöfnuðum eigin viðskiptum og tengdum viðskiptum í TRS skýrslum var röng og því ekki í samræmi við 1. mgr. 26. gr. MiFIR sem segir að verðbréfafyrirtæki sem framkvæma viðskipti með fjármálagerninga skuli veita lögbæra yfirvaldinu fullar og réttar upplýsingar um slík viðskipti. Ennfremur beri verðbréfafyrirtækjum að vera með kerfi til að koma auga á villur og yfirsjónir í viðskiptaskýrslum, sbr. d-liður 1. mgr. 15. gr. reglugerðar 2017/590.
- Tilkynning á viðskiptum sem eru ekki tilkynningarskyld samkvæmt 26. gr. MiFIR var ekki í samræmi við g-lið 1. mgr. 15. gr. reglugerðar 2017/590 sem segir að verðbréfafyrirtæki skuli hafa kerfi til að komast hjá skýrslugjöf um viðskipti sem ekki er skylda að tilkynna.
- Skráning á markaðsauðkenniskóða í TRS skýrslu var röng og því ekki í samræmi við 1. mgr. 26. gr. MiFIR sem segir að verðbréfafyrirtæki sem framkvæma viðskipti með fjármálagerninga skuli veita lögbæra yfirvaldinu fullar og réttar upplýsingar um slík viðskipti. Ennfremur beri verðbréfafyrirtækjum að vera með kerfi til að koma auga á villur og yfirsjónir í viðskiptaskýrslum, sbr. d-liður 1. mgr. 15. gr. reglugerðar 2017/590.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að bankinn myndi fela innri endurskoðanda að gera úttekt á hvort farið hafi verið að úrbótakröfum með fullnægjandi hætti og að gerð yrði grein fyrir úttektinni og niðurstöðum hennar í sérstakri skýrslu sem send yrði til fjármálaeftirlitsins.